

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um fimmtu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðabanka Íslands hf., kt. 681086-1379, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150 og
Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf.

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 22. mars 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirfærslu innlána. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka yfirfærslu innlána á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem var tímafrekara en ætlað var. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirfærslu innlána Sparisjóðabanka Íslands hf. til Nýja Kaupþings banka hf. og Seðlabanka Íslands. Með ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 24. mars 2009, 31. mars 2009 og 7. apríl 2009 var talin þörf á að framlengja frestinn á yfirfærslu innlána enn frekar á grundvelli sömu sjónarmiða.

Fjármálaeftirlitið telur nú að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun í ljósi nýrra upplýsinga og breyttra forsendna sem fram hafa komið í málefnum Sparisjóðabanka Íslands hf. undanfarna daga. Á grundvelli framangreinds telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að gera eftirfarandi breytingar á fyrri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

ÁKVÖRÐUN:

1. Ákvæði 1. ml. 1. tl. fyrri ákvörðunar skal breytt þannig að það hljóði svo: Seðlabanki Íslands yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna innstæðna sparisjóða og Íbúðalánasjóðs.
2. Ákvæði 2. tl. fyrri ákvörðunar skal breytt þannig að það hljóði svo: Byr sparisjóður yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna innstæðna Allianz og viðskiptavina þess. Nýi


Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna innstæðna annarra aðila en greinir í 1. tl. og 1. ml. þessa töluliðar. Innstæður flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á yfirtökudegi, sbr. 7. tl. hér að neðan. Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna þeirrar færslu. Allir skilmálar umræddra innlána um tímalengd, vaxtakjör, mynt o.þ.h. halda sér óbreytt gagnvart Nýja Kaupþingi banka hf. og Byr sparisjóði. Yfirdráttur á veltureikningum ásamt tilheyrandi tryggingarréttindum flyst yfir til Nýja Kaupþings banka hf.

3. Við 3. tl. fyrri ákvörðunar bætist nýr málslíður. Þá yfirtekur Nýi Kaupþing banki hf. ekki skuldbindingar Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna innstæðna ef um er að ræða sérgreindar tryggingar viðskiptamanna Sparisjóðabanka Íslands hf. eftir því sem við á vegna kröfurettinda eða afleiðusamninga.
4. Ákvæði 5. tl. fyrri ákvörðunar skal breytt þannig að það hljóði svo: Sem endurgjald fyrir yfirtöku innlánskuldbindinga skv. 1.-3. tl. framselur Sparisjóðabanki Íslands hf. útlán sín til sparisjóða alls að fjárhæð u.þ.b. kr. 10,9 milljarðar króna auk skuldabréfakröfu á hendur Byr sparisjóði, að fjárhæð u.þ.b. kr. 1,5 milljarðar króna, eða samtals um 12,4 milljarðar króna. Seðlabanki Íslands, Nýi Kaupþing banki hf. og Byr sparisjóður eru viðtakendur umræddrar greiðslu. Þeir annast uppgjör vegna hennar sín á milli og standa Sparisjóðabanka Íslands hf. skil á mismun á milli yfirtekinna skuldbindinga og eigna ef einhver er.
5. Ákvæði 1. ml. 6. tl. fyrri ákvörðunar skal breytt þannig að það hljóði svo: Skilanefnd Sparisjóðabanka Íslands hf. er í samráði og með samþykki Fjármálaeftirlitsins falið að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd; staðreyna þau innlán sem falla undir gildissvið annars vegar 1.-2. tl. og hins vegar 3. tl. þessarar ákvörðunar, útbúa þau skjöl sem nauðsynleg eru til að tryggja endurgjaldið samkvæmt 5. tl. og tryggingarréttindi sem því fylgja, og hafa samráð við Nýja Kaupþing banka hf., Seðlabanka Íslands og Byr sparisjóð um nánari framkvæmdaatriði.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

17. apríl 2009



Gunnar Haraldsson
formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason
forstjóri